

Stofnanasamningur milli AFLs Starfsgreinafélags og Menntaskólans á Egilsstöðum

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsmanna Afls Starfsgreinafélags sem eru í starfi hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum

2 Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- Að launakerfið sé gagnsætt og samræmt.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið styðji við jafnlaunastefnu ME og sé í samræmi við jafnlaunakerfi stofnunarinnar.
- Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukin með markvissri endurmenntun.
- Að starfsmenn fái tækifæri til starfsþróunar innan stofnunar.

3 Starfaflokkun, röðun starfa og ráðningasamband

3.1. Við röðun starfa í launaflokk skal taka mið af eðli starfs, þeirri ábrygð sem starfinu fylgir, færni, menntun, umfangi verkefna og eins og fram kemur í starfslýsingu. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun. Grunnröðun tekur mið af meginlýsingu starfa.

Almenn ræsting.....	Lfl. 8
Ræstingastjóri	Lfl. 10
Umsjónarmaður fasteigna	Lfl. 12
Forstöðumaður mötuneytis	Lfl. 23

3.2. Gerður skal ráðningarsamningur við alla starfsmenn og skal um heilsársráðningarsamband vera að ræða, nema í sérstökum tilfellum.

4 Viðbótarforsendur við mat til launa

4.1 Starfsreynsla – allt að 4 þrep

Starfsreynsla skal metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 árs starfsreynslu skal starfsmaður hækka um **1 þrep**
- Eftir 3 ára starfsreynslu við sambærileg störf skal starfsmaður hækka um **1 þrep** til viðbótar
- Eftir 5 ára starfsreynslu við sambærileg störf skal starfsmaður hækka um **1 þrep** til viðbótar

*Guðlaug
H. S. Hal*

- Eftir 10 ára starfsaldur við sambærileg störf skal starfsmaður hækka um 1 þrep til viðbótar.

Heimilt er að meta starfsreynslu utan ME sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti.

4.2 Menntun – allt að 5 launaflokkar

Hafi starfsmaður hlotið menntun sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta eftirfarandi menntun sem hér segir;

- Formlegt tveggja ára nám á framhaldsskólastigi eða ígildi þess skal hækka um **1 launaflokk**.
- Stúdentspróf, sveinspróf eða annað sambærilegt nám á framhaldsskólastigi skal hækka um **2 launaflokka** til viðbótar
- Starfsmaður sem lokið hefur iðnmeistaraprófi eða diplomagraðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári (45-60 ECTS) og nýtist í starfi skal hækka um **2 launaflokka**

4.3 Símenntun – allt að 3 launaflokkar

Starfsmaður skal fá metin öll námskeið og endurmenntun sem nýtist honum í starfi þegar ákveðinni tímalengd er náð:

- Eftir 60 kennslustundir skal starfsmaður hækka um **1 launaflokk**
- Eftir 120 kennslustundir skal starfsmaður hækka um **1 launaflokk** til viðbótar
- Eftir 200 kennslustundir skal starfsmaður hækka um **1 launaflokk** til viðbótar

4.4 Persónubundnir þættir – allt að 3 launaflokkar

Heimilt er að meta til viðbótar persónulega hæfni/þætti sem varðar einstakan starfsmann svo sem samstarfshæfni, getu til að vinna flókin eða vandasöm verkefni eða aðra hæfni umfram það sem almennt gerist.

4.5 Álag vegna ræstinga

Álag vegna tilfallandi forfalla starfsfélaga skal greitt í **formi 1 þreps** til þeirra sem starfa í ræstingum. Þetta er vegna þeirra aðstæðna að ef starfsfélagi kemst ekki til vinnu gætu stærri svæði eða fleiri þættir bæst inn á daglega rútínu starfsfélaga sem eru í vinnu þann daginn.

Álag vegna tilfallandi tímabundinna erfiðra starfsaðstæðna (tímabundið) – **allt að 2 þrep**

Ef um langvarandi forföll er að ræða skal ráða auka fólk eða semja sérstaklega við þá starfsmenn sem eru að störfum.

5 Álagsgreiðslur

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 – 24.00 mánudaga – föstudaga skal greiða þá vinnu með álagi samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

6 Starfsþróun

Stefna Menntaskólans á Egilsstöðum er að hafa á að skipa hæfu starfsfólki og skulu stjórnendur sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði. Skulu starfsmenn hafa tækifæri til starfsþróunar innan ME þar sem markmiðið er að þróa færni starfsmannsins með tilliti til þarfa stofnunarinnar og samkvæmt áhuga og ósk starfsmannsins.

7 Vinnufatnaður

Starfsfólk leggi sér til vinnufatnað og fær greidda mánaðarlega upphæð smbr. lið 8.3.2. í aðalkjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

*Sulvi S
Aðal*

8 Gildistími


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2021.

9 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.


Egilsstöðum, 11. janúar 2021

f.h. Menntaskólans á Egilsstöðum



MENNTASKÓLINN
Á EGILSSTÖÐUM

f.h. AFLs Starfsgreinafélags



Starfsgreinafélag
Svein Alfreðsson